



Ræða forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði á Bessastöðum
til heiðurs Hennar Hátign Margrethe II Danadrottningu og
Hans Konunglegu Tign Henrik Prins
16. maí 1998

Yðar Hátign Margrét Drottning
Yðar Konunglega Tign Henrik Prins
Heiðruðu gestir

Það er okkur Guðrúnu Katrínu mikil ánægja að bjóða Yður velkomin til Bessastaða og endurgjalda vináttu og sóma sem þér sýnduð okkur skömmu eftir embættistöku mína. Það var nýjum forseta mikils virði að finna velvilja Yðar og drottningarfjölskyldunnar í garð Íslands og fá að njóta í samræðum góðra ráða frá þjóðhöfðingja sem með slíkum glæsibrag hefur unnið hjörtu þjóðar sinnar og virðingu umheimsins.

Þegar Bessastaðir heilsa drottningu Danmerkur á vorkvöldi flytja svanir og lóa, æðarfugl, grágæs og mávar þá fuglasinfóníu sem einnig hljómaði hér fyrir á öldum þegar æðstu fulltrúar konungs sátu á staðnum og litu yfir túnin eins og við gerum nú á björtu maíkvöldi.

Fyrir fáeinum árum færðu fornleifafræðingar okkur þá gjöf að grafa upp gamla konungsgarðinn undir gólfi Bessastaðastofu. Það er vitnisburður um viðhorf Íslendinga til sameiginlegrar sögu þjóðanna að finna hér á Bessastöðum með hve mikilli virðingu íslenskir gestir ganga inn í konungsgarðinn og heilsa minjum um hefðir og mannlíf fyrri tíðar.

Það má því með sanni segja, Yðar Hátign, að við bjóðum Yður velkomin heim á fornar ættarlóðir og fögnum Yður og Hans Konunglegu Tign enn á ný sem hinum bestu gestum íslenskrar þjóðar.

Í aðdraganda hátíðar á Þingvöllum til að minnast þúsund ára kristni í landinu er það okkur Íslendingum einnig sérstakt gleðiefni að njóta sýningar á kirkjuklæðum Yðar Hátignar.

Hlutur Danmerkur, danskrar kirkju, menningar og lista í kristnisögu Íslands er margbrotinn og efnisríkur. Þjóð mín geymir í minningum sínum frásagnir af framgöngu ættar Yðar Hátignar til að efla kristna trú á Íslandi. Altaristaflan sem lang-langamma Yðar gaf litlu þorpskirkjunni á Eyrarbakka og þér sáuð í gærkvöldi er sem táknmynd um langa sameiginlega arfleifð.

Á morgun munuð þér hlýða á messu í Dómkirkjunni þar sem Kristján konungur IX var blessaður áður en hann hélt á Þingvöll árið 1874 til að færa Íslendingum stjórnarskrá og fagna með þjóðinni að 1000 ár voru þá liðin frá landnámi.

Á Vestfjörðum sóttuð þér heim litlu sveitakirkjuna í Holti en sá staður varðveitir sagnir um presta og biskupa sem fyrr á öldum sóttu margvísleg erindi og boðskap til Danmerkur. Kirkjan á Þingeyri var Yður svo staðfesting þess hvernig fyrsti íslenski húsameistarinn á þessari öld ávöxtaða heima menntun sína í Danmörku.

Saga íslenskrar kirkju, trúar og tilbeiðslu er svo samofin dönskum arfi að oft á tíðum er erfitt að greina að einstaka þræði.

Sýningin á kirkjuklæðum Yðar Hátignar er nýr kafli í sameiginlegri kristnisögu okkar, vitnisburður ekki aðeins um list Yðar, trúarhita og hugsun, heldur einnig gleðilegur forleikur að kristnihátíð þjóðarinnar, staðfesting þess að saman munu Íslendingar og Danir spinna vef trúar, sögu og menningar á nýrri öld.

Bessastaðir, þar sem hinn gamli konungsgarður og forsetasetrið mynda eina heild, eru kjörinn vettvangur til að lýsa einlægum vilja Íslendinga að geta um ókomna tíð haldið áfram að fagna Yður og fjölskyldu Yðar sem góðum vinum á gömlum ættarslóðum. Það er okkur Íslendingum metnaðarmál að eiga með Yðar Hátign og Hinni Konunglegu fjölskyldu lærdóma sameiginlegrar sögu og deila einnig með Yður reynslu framtíðarinnar.

Við metum mikils að Yðar Hátign og Hans Konunglega Tign gerðuð okkur þann heiður að fylgja sýningu Yðar til Íslands og gefa Yður tíma til að heimsækja Vestfirskar byggðir sem fyrir réttum sextíu árum fögnuðu

föður Yðar og móður, þáverandi krónprins Friðrik og krónprinsessu Ingrid.

Það var mér sérstakt gleðiefni að geta sýnt yður náttúrufegurð og tign Vestfjarða og skynja fögnuð Vestfirðinga og hlýhug í garð Yðar og ættar Yðar.

Þótt Íslendingar hafi löngum virt sinn arfakóng og herra eins og greint er frá í gömlum bókum og sýni á okkar tíð þjóðhöfðingjum, bæði forseta sínum og öðrum, mikla virðingu, þá er það nú einu sinni þannig með bændur, sjómenn og aðra íbúa eyjarinnar að skáld og listamenn hafa jafnan verið hér í helstu heiðurssetum. Að geta ort, málað og gert listaverk úr þræði, tré, steini eða málmum hefur í reynd verið talið göfugra verk en að stjórna landi.

Listamaðurinn Margrét Þórhildur, eins og Íslendingar jafnan nefna Yðar Hátign, stoltir af íslensku nafni Yðar, hefur nú í reynd öðlast hærri sess með þjóð minni en nokkur þjóðhöfðingi getur náð í krafti embættis.

Listsköpun Yðar, kirkjuklæði sem hér eru sýnd, sem og málverk, umgjörðir leikrita og listdans og aðrir þættir í listsköpun Yðar, sýna fjölbærni listamanns sem gefur Yður virðingarsæti í heiðursstúku listanna en hún er af Íslendingum talinn öllum hásætum æðri.

Við þökkum Yðar Hátign fyrir framlag Yðar til Listahátíðar í Reykjavík og fögnum því að Ísland hefur á ný getað hyllt Yður og Hans Konunglegu Tign á Bessastöðum.

Ég bið góða gesti að rísa úr sætum og lyfta glösum til heiðurs Hennar Hátign Margréti Drottningu og Hans Konunglegu Tign Henrik Prins.